

Reglur um matar- og kaffitíma – skrifstofa Ísafjarðarbæjar

Um matar og kaffitíma fer að jafnaði skv. kjarasamningum viðkomandi starfsmanns og þeim reglum og venjum sem skapast hafa á viðkomandi vinnustað.

Vinnuskylda starfsmanna á viku eru 40 stundir eða 8 klukkustundir á dag.

Í kjarasamningum segir m.a. um matar og kaffitíma:

Matar- og kaffitímar á dagvinnutímabili:

- *Matarstími skal vera á tímabilinu 11:30 – 13:30. Hann skal vera 60 mínútur og telst ekki til vinnutíma.*
- *Heimilt er að lengja, stytta eða fella niður matartíma með samkomulagi stofnunar og þeirra starfsmanna sem málið varðar.*
- *Sé matartíma á dagvinnutímabili breytt lýkur dagvinnutímabili þeim mun síðar eða fyrr.*
- *Á venjulegum vinnudegi skulu vera tveir kaffitímar 15 mínútur og 20 mínútur, og teljast þeir til vinnutíma.*
- *Kaffitíma má lengja, stytta eða fella niður með sama hætti og matartíma.*

Matar- og kaffitímar í yfirvinnu:

- *Sé unnin yfirvinna, skulu vera matartímar, 1 klst. á tímabilinu kl. 19:00 - 20:00 að kvöldi, kl. 03:00 – 04:00 að nóttu og kl. 11:30 – 13:30 á frídögum, matartímar þessir teljast til vinnutímans.*
- *Sé unnin yfirvinna eða aukavakt skulu kaffitímar vera kl. 17:00, 23:0 og kl. 05:00, 20 mín. í hvert skipti og kl 07:45, einn kaffitími í 15 mín. Kaffi- og matartímar í yfirvinnu á tímabilinu kl. 08:00 – 17:00 skulu vera þeir sömu og í dagvinnu.*
- *Sé unnið í matartíma, þannig að matarhlé nái ekki fullum umsömdum tíma, skal matartíminn að sama hluta greiðast með yfirvinnukaupi.*
- *Matar- og kaffitímar á yfirvinnutímabili sem unnir eru greiðast sem viðbót við yfirvinnutíma og auk þess kaffitímar í yfirvinnu, sé unnið að fremri mörkum þeirra.*

Á skrifstofum Ísafjarðarbæjar hefur skapast sú hefð að starfsmenn taka 20 mín. kaffitíma á morgnana og ½ klukkustund í mat og selja þannig hálfan matartíma sinn auk 15 mín. kaffitíma e.h. og ljúka því vinnudegi kl. 16:15 í stað 17:00.

Kaffitíminn hefst að jafnaði kl. 09:40 og stendur til kl. 10:00. Ekki er gerð athugasemd þó að kaffitímar hefjist allt að 10 mín. fyrr í sérstökum tilfellum eins og þegar um afmæli eða slíkar

Reglur um matar- og kaffitíma – skrifstofa Ísafjarðarbæjar

Stórveislur er að ræða en lögð er áhersla á að starfsmenn séu komnir á starfsstöðvar sínar eigi síðar en kl. 10:00 þegar skrifstofur sveitarfélagsins opna.

Matartímum skal skipt á þann hátt að ávallt sé til staðar einn starfsmaður úr hverri deild, þ.e. launa- bókhalds- og fjárreiðudeild, þannig að hægt sé að veita óskerta þjónustu í hádeginu. Starfsmönnum er falið að skipuleggja þær skiptingar sín á milli.

Tekið skal fram að nauðsynlegt er þeim starfsmönnum sem sitja við tölvuvinnslu allan daginn að standa reglulega upp og hreifa sig aðeins og er það óháð matar og kaffitímum.

Starfsmönnum ber að virða tímamörk matar- og kaffitíma.